ÍSL 503
Kennsluáætlun haustönn 2014

Kennari	Snorri Björnsson og Þórdís H. Jónsdóttir	**Sk.st.**	SNO, ÞHJ

Áfangalýsing: Í áfanganum kynnast nemendur íslenskri bókmenntasögu 20. aldar og fyrstu ára 21. aldar í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum, bæði hérlendis og erlendis, á sama tímaskeiði. Nemendur kynnast helstu höfundum á þessum tíma, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og skoða erindi þeirra við samtímann. Nemendur vinna skrifleg og munnleg verkefni í tengslum við efni áfangans.

Markmið: Að nemandi:

- öðlist innsýn í bókmenntasögu tímabilsins.
- átti sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir.
- þekki helstu hugtök sem tengjast bókmenntastefnum .
- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra.
- geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og einkennum í verkum þeirra.
- geti greint málfarsleg einkenni mismunandi bókmenntastefna.
- vinni undir leiðsögn kennara að bókmenntakynningum.

Námsgögn:

Öldin öfgafulla e. Dagnýju Kristjánsdóttur (2010)
Einhver skáldsaga frá tímabilinu 1920-1950 og önnur frá 2000 og síðar (sbr. lista í lotu 2)
ÍSL 503 Textahefti (VMA skrifstofa)
Myndefni og ljósrit eftir því sem við á og e.t.v. leikhúsferð

Áætlun um yfirferð:

1. lota 25.08. – 12.09. Kynning áfangans; **1900 - 1920** *Öldin öfgafulla* (ÖÖ) bls. 9 – 50 og textahefti fyrir ÍSL 503; Ísland í upphafi 20. aldar og breytingar á næstu 20 árum. Fjallað um helstu höfunda, verk þeirra skoðuð og bókmenntastefnur tímabilsins s.s. nýrómantík. Nemendur velja höfund/verk og kynna fyrir öðrum nemendum. Form á skilum geta verið með ýmsu móti, t.d. myndrænt form, tónlist eða annað (vægi 10%). **Hafinn lestur á skáldsögu fyrir verkefni í 2. lotu.** Listi með skáldsögum verður afhentur í tíma.

2. lota 15.09. – 03.10. *Öldin öfgafulla* **1920 – 1950 (**ÖÖ) bls. 51 – 105 og textahefti. Fjallað um bókmenntasögu tímabilsins, helstu höfunda og breytingar í samfélaginu á krepputímum. Einnig verður fjallað um áhrif og afleiðingar heimsstyrjaldar, hernáms og kalda stríðsins á íslenskt þjóðfélag og bókmenntir. Farið verður í grunnatriði skáldsögugreiningar, auk þess sem nemendur vinna heimildaverkefni tengt valinni skáldsögu og því tímabili sem fjallað er um í lotunni (20%). Krossapróf á Moodle úr tímabilinu 1900 – 1950 (10%).

3. lota 06.10. – 17.10. *Öldin öfgafulla* **1950 – 1960** (ÖÖ) bls. 107 – 141. Farið verður yfir bókmenntasögu tímabilsins og fjallað um helstu höfunda, strauma og stefnur. Einkenni smásagna verða rifjuð upp auk þess sem smásögurnar í textaheftinu verða lesnar. **Lotunni lýkur með einstaklingsverkefni úr smásögum (10%).**

4. lota 20.10. - 07.11. *Öldin öfgafulla* **1960 – 2000 (**ÖÖ) bls. 143 – 245 og textahefti f. ÍSL 503; Farið verður í bókmenntasögu tímabilsins og helstu straumar og stefnur kynntar. Krossapróf á Moodle (10%) frá tímabilinu 1960 – 2010. Nemendur fá einnig tækifæri til að virkja sköpunarmátt sinn í ljóðaverkefnum og vinna auk þess 15% verkefni tengt tímabilinu.

5. lota 10.11. - 02.12. *Öldin öfgafulla* **2000 – 2010** (ÖÖ) bls. 247 – 263 og textahefti f. ÍSL 503; Drepið verður á helstu atriði tímabilsins 2000 - 2013, helstu stefnur og höfunda.
Nemendur velja skáldverk frá síðari árum af bókalista (útvega sér bækurnar sjálfir), vinna verkefni úr því og kynna (20%).

Námsmat og vægi námsþátta: Ekki er lokapróf í áfanganum en námsmat og lokaeinkunn byggist á eftirfarandi námsþáttum sem unnir verða á önninni:

1. lota: Verkefni	10%
2. lota: Skáldsagnaverkefni (20%) og krossapróf á Moodle (10%)	30%
3. lota: Verkefni úr smásögum	10%
4. lota: Verkefni 15% og krossapróf á Moodle (10%)	25%
5. lota: Skáldsagnaverkefni (20%)	20%
Verkefnaskil og mætingar	5%

Reglur um verkefnaskil:

Nemendum ber að skila verkefnum á tilsettum tíma en undanþágur frá skilareglum eru aðeins veittar vegna veikinda eða af öðrum ófyrirsjánlegum ástæðum. Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu VMA.

Ef vanskil verða á verkefnum lækka einkunnir þeirra sem hér segir:

- 1 virkur dagur 0,5
- 2 virkir dagar 1
- 3 virkir dagar 1,5
- 4 virkir dagar 2

Frá og með fimmta degi verður ekki tekið við verkefnum nema til komi framangreindar undanþágur. Þessar reglur gilda einnig um munnleg skil.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**